

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Amoxicillin Sandoz 100 mg/ml mixtúruðuft, dreifa

amoxicillin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Amoxicillin Sandoz og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Amoxicillin Sandoz
3. Hvernig nota á Amoxicillin Sandoz
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Amoxicillin Sandoz
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Amoxicillin Sandoz og við hverju það er notað

Upplýsingar um Amoxicillin Sandoz

Amoxicillin Sandoz er sýklalyf. Virka innihaldsefnið er amoxicillin. Það tilheyrir flokki sýklalyfja sem eru kölluð penicillin.

Við hverju Amoxicillin Sandoz er notað

Amoxicillin Sandoz er notað til að meðhöndla sýkingar vegna baktería á mismunandi stöðum í líkamanum. Einnig má nota Amoxicillin Sandoz í samsettri meðferð með öðrum lyfjum til að meðhöndla magasár.

2. Áður en byrjað er að nota Amoxicillin Sandoz

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Amoxicillin Sandoz:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir amoxicillini, penicillini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- ef fram hafa komið ofnæmisviðbrögð við einhverju öðru sýklalyfi. Það getur falið í sér húðútbrot eða bólgu í andliti eða hálsi.

Ekki nota Amoxicillin Sandoz ef eitthvað af ofangreindu á við. Ef þú ert ekki viss skaltu ræða við lækinn eða lyfjafræðing áður en Amoxicillin Sandoz er notað.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Amoxicillin Sandoz er notað ef þú:

- ert með einkirningasótt (hiti, hálsæringi, bólgnir kirtlar og mikil þreyta)
- ert með nýrnakvilla
- hefur óregluleg þvaglát.

Ef þú ert ekki viss um hvort eitthvað af ofangreindu á við um þig skaltu ræða við lækinn eða lyfjafræðing áður en Amoxicillin Sandoz er notað.

Blóð og þvagrannsóknir

Ef þú ferð í:

- þvagrannsóknir (glúkósi) eða blóðrannsóknir vegna lifrarstarfsemi
- estríól próf (notað á meðgöngu til að kanna hvort barnið þroskast eðlilega).

Segðu læknum eða lyfjafræðingnum frá því að þú sért að nota Amoxicillin Sandoz. Þetta er vegna þess að Amoxicillin Sandoz getur haft áhrif á niðurstöður þessara rannsókna.

Notkun annarra lyfja samhliða Amoxicillin Sandoz

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

- ef allopurinol (notað við þvagsýrugigt) er tekið með Amoxicillin Sandoz getur verið aukin hættu á viðbrögðum frá húð
- ef þú ert að taka probenecid (notað til að meðhöndla þvagsýrugigt). Notkun probenecids samhliða getur dregið úr útskilnaði amoxicillins úr líkamanum og ekki er mælt með henni.
- ef lyf sem eru notuð til að fyrirbyggja blóðtappa (eins og warfarin) eru notuð gæti þurft að gera frekari blóðrannsóknir
- ef önnur sýklalyf (eins og tetracyklin) eru notuð gæti Amoxicillin Sandoz haft minni verkun
- ef þú ert að nota methotrexat (notað til að meðhöndla krabbamein og svæsinn sóra). Penicillinlyf geta dregið úr útskilnaði methotrexats úr líkamanum og þar með aukið líkur á aukaverkunum.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Akstur og notkun véla

Amoxicillin Sandoz getur haft aukaverkanir og einkenni þeirra (eins og ofnæmisviðbrögð, sundl og krampar) geta gert það að verkum að ekki er óhætt að aka bifreið. Ekki aka bifreið eða nota vélar nema þér líði vel.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Amoxicillin Sandoz inniheldur aspartam, natríumbensóat, bensýlalkóhól, bensýlbensóat, sorbitól, glúkósa og brennisteinsdíoxíð.

- Lyfið inniheldur 8,5 mg af aspartam (E 951) í hverjum skammti. Aspartam breytist í fenýlalanín. Það getur verið skaðlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu (PKU), sem er mjög sjaldgæfur erfðagalli þar sem fenýlalanín safnast upp því líkaminn getur ekki fjarlægt það með fullnægjandi hætti.
- Lyfið inniheldur 7,1 mg af natríumbensóati (E 211). Natríumbensóat hefur væg ertandi áhrif á augu, húð og slímhúð. Lyfið inniheldur allt að 0,44 mg af bensýlbensóati í hverjum skammti. Bensýlbensóat og natríumbensóat geta aukið á gulu (gulnun húðar og augna) nýbura (allt að 4 vikna).
- Lyfið inniheldur allt að 3 mg af bensýlalkóhóli í hverjum skammti. Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Bensýlalkóhól hefur verið tengt við hættu á alvarlegum aukaverkunum þ.m.t. öndunarerfiðleikum (kallast heilkenni andkafa eða „gaspíng syndrome“) hjá ungum börnum. Ekki gefa nýbura (allt að 4 vikna gömlum) lyfið nema eftir ráðleggingar læknisins. Þungaðar konur og konur sem hafa barn á brjósti eiga að leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi. Mikið magn bensýlalkóhóls getur safnast upp í líkamanum og valdið aukaverkunum (kallast blóðsýring).

Notið lyfið ekki lengur en í viku handa ungum börnum (yngri en 3 ára), nema að ráði læknisins eða lyfjafræðings.

Leitaðu ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi ef þú ert með lifrar- eða nýrnasjúkdóm. Mikið magn bensýlalkóhóls getur safnast upp í líkamanum og valdið aukaverkunum (kallast blóðsýring).

- Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.
- Lyfið inniheldur 0,14 mg af sorbitóli í hverjum skammti.
- Lyfið inniheldur 0,1 míkrógramm brennisteinsdíoxíð í hverjum skammti. Getur í undantekningartilvikum valdið ofnæmisviðbrögðum og berkjukrampa.
- Lyfið inniheldur 0,68 mg glúkósa í hverjum skammti. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Amoxicillin Sandoz

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

- hristið glasið vel fyrir hverja lyfjagjöf
- dreifið skömmtum jafnt yfir daginn, með a.m.k. 4 klst. millibili.

Venjulegur skammtur:

Börn sem vege minna en 40 kg

Allir skammtar eru reiknaðir út miðað við þyngd barnsins í kílógrömmum.

- læknirinn mun segja til um hversu mikið af Amoxicillin Sandoz á að gefa ungbarninu eða barninu
- venjulegur skammtur er 40 mg til 90 mg fyrir hvert kílógramm líkamsþyngdar á sólarhring, gefinn í tveimur til þremur aðskildum skömmtum
- hámarks ráðlagður skammtur er 100 mg fyrir hvert kílógramm líkamsþyngdar á sólarhring.

Fullorðnir, aldraðir og börn sem vege 40 kg eða meira

Venjulegur skammtur af Amoxicillin Sandoz er 250 mg til 500 mg þrisvar á sólarhring eða 750 mg til 1 g á 12 klst. fresti, eftir alvarleika og tegund sýkingar.

- **alvarlegar sýkingar:** 750 mg til 1 g þrisvar sinnum á sólarhring.
- **þvagrásarsýkingar:** 3 g tvisvar sinnum á sólarhring í einn sólarhring.
- **lyme sjúkdómur (sýking sem berst með sníkjudýrum sem kallast blóðmítlar):** Einangruð roðapöt (frumstig – rauð eða bleik kringlótt útbrot): 4 g á sólarhring. Altæk einkenni (seinni stig – við alvarlegri einkennum eða þegar sjúkdómurinn breiðist út um líkamann): allt að 6 g á sólarhring.
- **magasár:** einn skammtur með 750 mg eða 1 g tvisvar á sólarhring í 7 sólarhringa með öðrum sýklalyfjum og lyfjum til meðferðar við magasárum.
- **fyrirbyggjandi meðferð gegn hjartasýkingu í skurðaðgerð:** skammturinn er breytilegur eftir tegund skurðaðgerðar.
Önnur lyf gætu verið gefin á sama tíma. Læknirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingur getur gefið nánari upplýsingar.
- hámarks ráðlagður skammtur er 6 g á sólarhring.

Nýrnakvillar

Ef um nýrnakvillar er að ræða getur skammturinn verið minni en venjulegur skammtur.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of mikið er tekið inn af Amoxicillin Sandoz geta einkennin verið magaþægindi (ógleði, uppköst eða niðurgangur) eða kristallar í þvagi, sem gæti komið fram sem skýjað þvag eða erfiðleikar við þvaglát. Ræðið við lækinn eins fljótt og hægt er. Takið lyfið með til að sýna læknum.

Ef gleymist að taka Amoxicillin Sandoz

- ef gleymist að taka skammt á að taka hann um leið og munað er eftir því
- ekki á að taka næsta skammt of snemma, bíðið í um 4 klst. áður en næsti skammtur er tekinn
- ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Hve lengi á að taka Amoxicillin Sandoz?

- haldið áfram að taka Amoxicillin Sandoz eins lengi og lækinn hefur sagt til um, jafnvel þó líðan hafi batnað. Það þarf hvern skammt til að verjast sýkingunni. Ef einhverjar bakteríur lifa af geta þær valdið því að sýkingin komi aftur
- þegar meðferð er lokið og líðan er ekki nógu góð á að leita aftur til læknisins.

Þruska (hvítsveppasýking á rökum svæðum líkamans sem getur valdið eymslum, kláða og hvítri útferð) getur komið fram ef Amoxicillin Sandoz er notað í langan tíma. Ef þetta kemur fyrir skaltu ræða við lækinn.

Ef Amoxicillin Sandoz er tekið í langan tíma getur verið að lækinn framkvæmi frekari prófanir til að kanna hvort nýrun, lifrin og blóðið starfi eðlilega.

Mixtúran er blönduð í apóteki.

Til að blanda dreifuna á að fylla glasið með fersku kranavatni að u.þ.b. 1 cm fyrir neðan áfyllingarmarkið, loka og hrista strax vel.

Eftir að froðan hefur sest á að bæta hægt við því magni af fersku kranavatni sem vantar að áfyllingarmarkinu (51 ml vatn fyrir 60 ml, 85 ml vatn fyrir 100 ml dreifuna).

Hristið aftur kröftuglega.

Hvíta til ljósgulleita dreifan með ávaxtalykt er nú tilbúin til notkunar.

Hristið glasið vel fyrir hvern skammt.

Leitið til læknisins, eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hættu að taka Amoxicillin Sandoz og hafðu samband við lækni án tafar ef einhver af eftirfarandi alvarlegu aukaverkunum kemur fram – þú gætir þurft á bráðri lækni meðferð að halda:

Eftirfarandi kemur örsjaldan fyrir (getur komið fyrir hjá allt að 1 af 10.000 einstaklingum)

- ofnæmisviðbrögð, einkennin geta verið kláði í húð eða útbrot, bólga í andliti, vörum, tungu, líkamanum eða erfiðleikar við öndun. Þessar aukaverkanir geta verið alvarlegar og dauðsföll hafa komið fyrir
- útbrot eða tituprjónslaga flatir, rauðir, hringlaga blettir undir yfirborði húðarinnar eða mar á húðinni. Þetta er vegna bólgu í blóðæðaveggjum vegna ofnæmisviðbragða. Þessu geta fylgt liðverkir (liðbólga) og nýrnakvillar
- seinkuð ofnæmisviðbrögð geta komið venjulega 7 til 12 sólarhringum eftir notkun Amoxicillin Sandoz, sum einkenni geta verið útbrot, hiti, liðverkir og stækkun eitla sérstaklega undir handleggjum

- húðviðbrögð sem kallast regnbogaroði (erythema multiforme) en þá koma fram: rauðfjólubláir blettir með kláða á húð, sérstaklega á lófum eða á iljum, upphleypt bólgin svæði á húð með miklum kláða, aum svæði á yfirborði munns, augna og kynfæra. Hiti og mikil þreyta gæti komið fram
- önnur alvarleg húðviðbrögð geta verið: breytingar á húðlit, ójöfnur undir húðinni, blöðrur, graftarbólur, flögnun, roði, verkur, kláði, hreistrun. Þessu getur fylgt hiti, höfuðverkur og verkir í líkama
- flensulík einkenni með útbrotum, hita, bólgnum kirtlum og óeðlilegum niðurstöðum blóðrannsóknna (þ.m.t. fjölgun hvítra blóðkorna (rauðkyrninga) og lifrarsíma (lyfjaviðbrögð með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS))
- hiti, kuldahrollur, særindi í hálsi eða önnur einkenni sýkingar eða ef mar kemur auðveldlega. Þetta geta verið einkenni um vandamál í blóðfrumum
- Jarisch-Herxheimer viðbrögð sem koma meðan á meðferð með Amoxicillin Sandoz við Lyme-sjúkdómi stendur og valda hita, kuldahrolli, höfuðverk, vöðvaverkjum og húðútbrotum
- bólga í ristli með niðurgangi (stundum með blóði), verk og hita
- alvarlegar aukaverkanir á lifur geta komið fyrir. Þær eru aðallega tengdar einstaklingum sem fengið hafa meðferð í langan tíma, körlum og öldruðum. Látið lækinn tafarlaust vita ef fram kemur:
 - verulegur niðurgangur með blæðingu
 - blöðrur, roði eða mar á húð
 - dekkra þvag eða fölari hægðir
 - gula í húð eða í augnhvítunni (gula). Sjá einnig blóðleysi fyrir neðan sem gæti valdið gulu.

Þetta getur komið fyrir þegar lyfið er notað eða allt að nokkrum vikum síðar.

Ef eitthvað af ofangreindu kemur fyrir skaltu strax hafa samband við lækni.

Stundum geta komið fram vægari húðviðbrögð eins og:

- væg útbrot með kláða (hringlaga, rauðbleikir blettir), bólgin svæði með miklum kláða á framhandleggjum, fótleggjum, lófum, höndum eða fótum. Þetta er sjaldgæft (getur komið fram hjá 1 af 100 einstaklingum).

Ef eitthvað ef þessu kemur fram skaltu ræða við lækinn þar sem stöðva þarf meðferð með Amoxicillin Sandoz.

Aðrar hugsanlegar aukaverkanir eru:

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- húðútbrot
- ógleði
- niðurgangur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- uppköst.

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

- þruska (hvítuveppasýking í leggöngum, munni eða húðfellingum), hægt er að fá meðferð við þrusku hjá lækni eða lyfjafræðingi
- nýrnakvillar
- flog (krampar), sjást hjá sjúklingum á háum skömmtum eða með nýrnakvilla
- sundl
- ofvirkni
- tennur getað litið út fyrir að vera blettóttar, venjulega verða þær aftur eðlilegar með burstun (greint hefur verið frá þessu hjá börnum)
- tungan getur orðið gul, brún eða svört og hún gæti litið út fyrir að vera loðin

- óhóflegt niðurbrot rauðra blóðkorna sem veldur tegund blóðleysis. Einkenni geta verið: þreyta, höfuðverkir, mæði, sundl, fölvi og gulnun húðar og augnhvítu
- lítill fjöldi hvítra blóðkorna
- lítill fjöldi frumna sem taka þátt í blóðstorknun
- blóðið getur verið lengur að storkna en venjulega. Þetta gæti sést við blóðnasir eða ef fólk sker sig.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

- verkur fyrir brjósti í tengslum við ofnæmisviðbrögð, sem getur verið einkenni hjartadreps af völdum ofnæmis (Kounis heilkenni)
- heilkenni garna- og ristilbólgu af völdum lyfs:
Einkum hefur verið tilkynnt um heilkenni garna- og ristilbólgu af völdum lyfs hjá börnum sem fá amoxicillin. Þetta er tiltekin tegund ofnæmisviðbragða og helstu einkennin eru endurtekin uppköst (1-4 klst. eftir notkun lyfs). Frekari einkenni geta verið kviðverkir, svefnhöfgi, niðurgangur og lágur blóðþrýstingur.
- kristallamyndun í þvagi sem getur orsakað bráðan nýrnaskaða
- útbrot með blöðrum og hrúðri í miðjunni, sem eru ýmist hringlaga eða líkjast perlufesti (línulegur IgA sjúkdómur)
- bólga í himnum sem umlykja heila og mænu (heilahimnubólga án bakteríusýkingar).

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Amoxicillin Sandoz

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetninguna sem tilgreind er á öskjunni og glasinu á eftir EXP. Fyrningardagsetningin er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25°C. Geymið glasið vel lokað til varnar gegn raka.

Geymsluskilyrði fullbúinnar mixtúru: Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Geymsluþol eftir blöndun: 14 dagar.

Ekki skal nota lyfið ef duftmolar eru sjáanlegir í glasinu fyrir blöndun.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Amoxicillin Sandoz inniheldur

- Virka innihaldsefnið er amoxicillin (sem trihýdrat).
5 ml af fullbúinni mixtúru, dreifu innihalda amoxicillintrihýdrat sem samsvarar 500 mg af amoxicillini.
- Önnur innihaldsefni eru: vatnsfrí sítrónusýra (E 330), natríumbensóat (E 211), aspartam (E 951), talkúm (E 553b), vatnsfrítt þrínatríumsítrat (E 331), guar (E 412), kísiltvíoxíð (E 551), sítrónubragðefni, duft (inniheldur m.a.: sorbitól, brennisteinsdíoxíð, glúkósa), ferskju/apríkósubragðefni, duft (inniheldur m.a.: sorbitól, brennisteinsdíoxíð, bensýlbensóat),

appelsínubragðefni, duft (inniheldur m.a.: bensýlalkóhól).

Lýsing á útliti Amoxicillin Sandoz og pakkningastærðir

Hvítt til ljósgult duft með einkennandi ávaxtalykt.

Brún glerglös sem innihalda 12 g af dufti fyrir 60 ml mixtúru, dreifu eða 20 g af dufti fyrir 100 ml mixtúru, dreifu, með barnaöryggisloki úr polypropýleni (þrýsta + snúa) og innsiglihimnu. Mæliskeiðin sem fylgir er merkt við 1,25 ml, 2,5 ml og 5,0 ml og er gerð úr polypropýleni.

Stakar pakkningar: 60 ml og 100 ml glös í pappaöskju.

Sjúkrahúspakkningar: 10x60 ml, 20x60 ml og 40x60 ml, 10x100 ml og 40x100 ml, glös í pappaöskju.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Sandoz A/S, Edvard Thomsens Vej 14, 2300 Kaupmannahöfn S, Danmörk

Framleiðandi

Sandoz GmbH, Biochemiestrasse 10, A-6250 Kundl, Austurríki

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2023.

Almennar ráðleggingar varðandi notkun sýklalyfja

Sýklalyf eru notuð til meðferðar við sýkingum af völdum baktería. Þau hafa engin áhrif á sýkingar af völdum veira.

Stundum svarar sýking af völdum baktería ekki meðferð með sýklalyfi. Ein algengasta ástæðan fyrir því að þetta gerist er sú að bakterían sem veldur sýkingunni er ónæm fyrir sýklalyfinu sem notað er. Þetta þýðir að bakteríurnar halda áfram að lifa og geta jafnvel fjölgað sér þrátt fyrir sýklalyfið.

Margar ástæður eru fyrir því að bakteríur geta orðið ónæmar fyrir sýklalyfjum. Varkárni við notkun sýklalyfja getur hjálpað til við að draga úr líkunum á því að bakteríur verði ónæmar fyrir þeim.

Þegar lækningin ávísar meðferð með sýklalyfi er það eingöngu gert til þess að meðhöndla þau veikindi sem hrjá þig á þeim tíma. Ef eftirfarandi ráðleggingum er fylgt mun það hjálpa til við að koma í veg fyrir myndun ónæmra baktería sem geta valdið því að sýklalyfið hætti að virka.

- 1- Mjög mikilvægt er að þú takir sýklalyfið í réttum skammti, á réttum tíma og í réttan dagafjölda. Lestu leiðbeiningarnar á merkimiðanum og ef þú skilur ekki eitthvað skaltu biðja lækningu eða lyfjafræðing um að útskýra.
- 2- Þú skalt ekki taka sýklalyf nema að því hafi verið ávísað sérstaklega fyrir þig og þú skalt eingöngu nota það til meðhöndlunar á þeirri sýkingu sem því var ávísað við.
- 3- Þú skalt ekki taka sýklalyf sem hefur verið ávísað fyrir aðra, jafnvel þótt þeir hafi verið með sýkingu sem var svipuð þinni.
- 4- Þú skalt ekki gefa öðru fólki sýklalyf sem var ávísað fyrir þig.
- 5- Ef eitthvað er eftir af sýklalyfinu þegar meðferðinni sem lækningin ráðlagði er lokið, skaltu fara með afganginn í apótekið til förgunar á viðeigandi hátt.

Leiðbeiningar fyrir blöndun

Mixtúran er blönduð í apóteki.

Eftir að skrúflökið er opnað skal ganga úr skugga um að innsiglið sé óskaddað og vel fast við brún glassins. Ekki nota ef innsiglið er skaddað. Hristið glasið vel til að losa um duftið.

Til að blanda dreifuna á að fylla glasið með fersku kranavatni að u.þ.b. 1 cm fyrir neðan áfyllingarmarkið, loka og hrista strax vel.

Eftir að froðan hefur sest á að bæta hægt við því magni af fersku kranavatni sem vantar að áfyllingarmarkinu (51 ml vatn fyrir 60 ml, 85 ml vatn fyrir 100 ml dreifuna).

Hristið aftur kröftuglega.

Hvíta til ljósgulleita dreifan með ávaxtalykt er nú tilbúin til notkunar.

Ekki skal nota dreifuna eftir blöndun ef hún er ekki hvít til ljósgulleit á litinn.

Hristið glasið vel fyrir hvern skammt.